

Fyrir 8. og 9. lið í 1. gr. laganna komi:

8. a. Af óbrenndu kaffi allskonar kr. 0,60 af hverju kg.
b. Af brenndu kaffi allskonar kr. 0,80 af hverju kg.
9. Af kaffibæti allskonar kr. 1,60 af hverju kg.

12

3. júní

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Skaganum, 3. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.

L Ö G

13

5. júní

um gengisviðauka og tekju- og eignarskattsauka.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,

Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallið á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt til ársloka 1934 að innheimta með 25% gengisviðauka tolla af allskonar áfengum drykkjum (sbr. 2., 3., og 4. tölulið 1. gr. laga nr. 41 27. júní 1921), gosdrykkjum allskonar, sem ætlaðir eru óblandaðir til drykkjar, sóðavatni, kaffi, brenndu og óbrenndu, sykri og sírópi, tegrasi, súkkulaði og kakaódufti, svo og af vitagjaldi, þannig að hver toll- og gjaldeining hækkar um 25%, og reiknast ½ eyrir eða herra brot sem heill eyrir, en minna broti skal sleppt.

2. gr.

Eftir 1. okt. 1933 er ríkisstjórninni heimilt að innheimta aukreitis tekju- og eignarskatt fyrir árið 1933, sem nemur 40% af skattinum það ár samkvæmt áður gildandi lögum. Þó skal eigi innheimta lægri upphæð en 5 krónur hjá gjaldanda.

13

5. júní

3. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni með reglugerð að ákveða fleiri en einn gjald-
daga á skatti samkv. lögum þessum og lögum nr. 74 27. júní 1921 og breyt-
ingum á þeim lögum, ennfremur að skylda kaupgreiðendur til þess að halda
eftir og skila í ríkissjóð upp í skattgreiðslur manna hluta af kaupí þeirra,
sem nægir fyrir skattgreiðslunni. Er ríkisstjórninni heimilt að láta gera sér-
stök skattmerki til notkunar við innheimtu skattsins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 2
27. marz 1924, lög nr. 37 27. júní 1925 og lög um breytingar á þeim lögum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Skaganum, 5. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.

14

5. júní

OPIÐ BRÉF

um að Alþingi sé rofið.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þareð Alþingi hefir samþykkt frumvarp til stjórnar-
skipunarлага um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands þá verður
samkvæmt 26. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920 að rjúfa Alþingi. Fyrir
því bjóðum Vér og skipum á þessa leið:

Alþingi sem nú er er rofið.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Skaganum, 5. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.